

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

118. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn föstudaginn 20. desember árið 2023. Fundurinn fór fram í húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, 5 hæð og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Hreiðar Oddsson (HO). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir (RG) og Bjarni Ómar Haraldsson (BÓH) sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Skertir dagar og foreldraviðtöl - 2310007SA

Samstarfsnefnd hefur borist erindi um hvernig greiða skuli fyrir vinnu kennara á skertum dögum þegar skerti dagurinn er notaður til foreldraviðtala. Þá er einnig spurt hvort foreldraviðtöl falli að öllu leyti innan starfsskyldna umsjónarkennara og hvort greiða eigi aukalega fyrir störf er varða foreldraviðtöl.

Niðurstaða:

Foreldraviðtöl falla að öllu leyti innan starfsskyldna kennara skv. nánari ákvörðun skólastjóra. Í grein 2.1.6.3 um önnur fagleg störf segir að af 8,14 klst. á viku sé skólastjóra heimilt að ráðstafa allt að 4 klst. að jafnaði vegna kennarafunda, samstarfsfunda og viðtalstíma. Samkvæmt gr. 1.3.2. telst yfirvinna sú vinna sem unnin er umfram daglega vinnuskyldu. Á skertum dögum tekur vinnuframlag kennara mið af fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk annarra faglegra starfa. Viðtalsdagar eru almennt tilgreindir á skóladagatali og algengt er að þeir séu skertir nemendadagar.

Skólastjóra er heimilt að færa til störf innan daglegs vinnuramma sbr. gr. 2.5.5. Fari vinnuframlag umfram fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk annarra faglegra starfa er greidd yfirvinna nema gert hafi verið ráð fyrir viðtalsdögum í skipulagi annarra faglegra starfa vikunnar eða það að um annað fyrirkomulag hafi verið samið.

2. Vinnuskýrsluform og óstaðbundinn / staðbundinn störf - 2311016SA

SNS óskar eftir því að samstarfsnefnd fjalli um staðbundin og óstaðbundin störf. Við útfyllingu stjórnenda á vinnuskýrsluformi er komin fram krafa af hálfu trúnaðarmanna um að allir kennarar eigi rétt á því að allur sá tími sem fellur undir undirbúning og úrvinnslu kennslu þ.e. 11,68 klst á viku séu óstaðbundin störf, það eigi að skrifast í vinnuskýrslu og einnig að kennarar ráði sjálfir yfir þessum hluta vinnutímans. Þá er komin fram krafa um að 4 klukkustundir sem að jafnaði eru ætlaðir til funda séu settir inn sem fasti og óheimilt sé að staðbinda fleiri tíma af 8,14 úr hólfinu önnur fagleg störf vegna funda.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað.

3. Greiðsla yfirvinnu í langtímaveikindum – Málsnr. 2307016SA

Kí hefur fyrir hönd kennara óskað eftir uppgjöri á vangreiddri yfirvinnu kennara í langtímaveikindum. Sveitarfélagið þar sem kennarinn starfar óskar eftir afstöðu samstarfsnefndar til þess hvort í langtímaveikindum eigi að greiða:

a) meðaltal af yfirvinnu síðustu 9 eða 12 mánaða og ef veikindi vara á milli skólaára þá falli vinnuskýrsla úr gildi og aðeins séu þá greidd grunnlaun og ofan á þau meðaltal af yfirvinnu samkvæmt vinnustund síðustu 9 eða 12 mánuði eða

b) samkvæmt gildandi vinnuskýrslu og að yfirvinna samkvæmt henni sé þá greidd áfram á nýju skólaári ef veikindi vara á milli skólaára.

Niðurstaða:

Samkvæmt grein 13.2.2.6. skal í fyrstu viku veikinda og slysaforfalla kennara auk mánaðarlauna greiða fastar yfirvinnugreiðslur skv. þeirri vinnuskýrslu sem í gildi er eða síðast gilti miðað við upphaf veikinda hans. Eftir fyrstu viku veikinda skal skv. grein 13.2.2.7 auk launa sem greidd verða skv. grein 13.2.2.6. jafnframt greiða, þá mánuði sem venjuleg starfssemi fer fram, mánaðarlegt meðaltal þeirra tilfallandi yfirvinnustunda sem viðkomandi kennari fékk greiddar síðustu 9 heilu kennslumánuði skólans eða samsvarandi tímalengd ef kennslumánuðir eru færri eða fleiri.

Yfirvinnugreiðslur standa ekki lengur en þeim er ætlað á hverju skólaári og eru greiddar skv. vinnuskýrslu í veikindum með sama hætti og hjá þeim sem eru í starfi. Standi veikindi milli tveggja skólaára gildir vinnuskýrsla fyrra skólaársins aftur og er föst yfirvinna þá greidd samkvæmt síðast gildandi vinnuskýrslu frá og með upphafi seinna skólaársins allt þar til starfshæfni er náð eða réttur til launa vegna veikinda er tæmdur. Einnig skal greiða meðaltal tilfallandi yfirvinnustunda fyrra skólaárs sbr. grein 13.2.2.7.

Pegar starfsmaður hefur fengið starfshæfni sína vottaða skal gerð ný vinnuskýrsla og er greitt samkvæmt henni við endurkomu í starf.

4. Samkomulag um vinnutíma - 2311017SA

Samkomulag um vinnutíma ásamt skóladagatali frá Helgafellsskóla lagt fram til kynningar.

Niðurstaða:

Aðilar taka samkomulagið til skoðunar og taka afstöðu til þess á næsta fundi.

5. Vinnuskýrsluform vegna félagsmanna sem eru í hlutastarfi – 2312038SA

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd samþykkir að birta til viðbótar við fyrra vinnuskýrsluform. Uppfært skjal nær með réttum hætti til félagsmanna í hlutastarfi og fær nafnið *Vinnuskýrsla útgáfa 1.2. 2023*.

6. Verkáætlun skv. kjarasamningi – 2312039SA

Þrjú atriði voru samkvæmt gildandi kjarasamningi sett á verkáætlun þar sem samstarfsnefnd hefur aðkomu að úrvinnslu mála. Um er ræða eftirfarandi atriði:

- a. Aðilar eru sammála um að samstarfsnefnd verði falið að ræða hvernig greina megj þróun og árangur af breytingum í starfsumhverfi og starfsaðstæðum kennara, þ.m.t. þá þætti starfsins sem kunna að valda álagi.

Niðurstaða:

Málið rætt. Aðilar sammála um að boða til vinnufundar í janúar og taka ákvörðun um næstu skref.

- b. Aðilar eru sammála um að starfshópi sbr. bókun 3 verði falið að skoða mat á starfsreynslu grunnskólakennara, þ.m.t. með hvaða hætti best sé að meta fjölbreytta starfsreynslu kennara.

Niðurstaða:

Aðilar sammála um að boða til fundar í starfshópnum í janúar. Á fundinum verði rætt um markmið og einnig að hvor aðili leggi fram hugmyndir um hvernig og hvaða starfsreynslu má meta.

- c. Samstarfsnefnd vinni áfram að útgáfu á vinnuskýrsluformi.

Niðurstaða:

Vinnu vegna vinnuskýrsluforms lauk í ágúst og var formið gert aðgengilegt fyrir kennara og stjórnendur á heimasíðu KÍ auk þess sem nýtt form var gefið út í lok árs 2023 vegna starfsfólks í hlutastarfi. Samstarfsnefnd er sammála um að mikilvægt sé að taka áfram við ábendingum um það sem betur má fara og endurskoða formið útfrá þeim eins og tilefni er til.

7. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:10.